

10. Skilyrði ræktunar einstakra hundakynja

1. Stjórn HRFÍ hefur staðfest eftirfarandi reglur fyrir ræktun og ættbókarskráningu einstakra hundakynja, í samvinnu við viðkomandi ræktunardeildir, vísindanefnd og ræktunar- og staðlanefnd félagsins. Gildar ástæður liggja að baki þeim kröfum sem fram eru settar og áriðandi að ræktendur noti einungis þá hunda til undaneldis sem uppfylla kröfurnar. Got undan ræktunardýrum sem ekki uppfylla kröfur, eiga á hættu að fá ekki ættbókarskráningu og eru ræktendur undantekningarlaust kærðir til Siðanefndar HRFÍ.

Um kröfur til undaneldisdýra er varða sýnatöku, myndatöku, greiningu rannsóknarstofu eða dýralæknis eða hvers kyns vottorða, gildir, að niðurstaða skal kunn/dagsetning vottorða skal vera fyrir þörun og fylgja með skráningu í ættbók.

2. Sé annað ekki tekið fram, er lágmarksaldur hunda í mjaðma- og olnbogamyndatöku 12 mánuðir. Röntgenmyndir af mjöðmum og olnbogum hunda eru sendar til Svíþjóðar. Einnig er hægt að senda myndir til OFA í Bandaríkjunum til aflesturs, en þá verða hundarnir að hafa náð 2ja ára aldri. Fyrir þann aldur er aðeins um bráðabirgða niðurstöður að ræða sem ekki eru viðurkenndar. Varanlegt auðkenni myndaðara hunda skal staðfest af dýralækni/starfsmanni dýralæknastofu við myndatöku. Hundeigendur þurfa að senda niðurstöður til skrifstofu HRFÍ. Niðurstöður mjaðma- og olnbogamynda eru skráðar í ættbók.

Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með alvarlegt mjaðma- eða olnbogalos, HD gráðu E eða AD gráðu 3, fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundur með mjaðmagráðun (HD) C eða D (AD gráðun 1 eða 2), má aðeins para með hundi með A eða B gráðun (AD gráðun 0). Sækja má um undanþágu frá þessu til stjórnar HRFÍ vegna íslenska fjárhundsins, telji Deild íslenska fjárhundsins þörun kyninu til framdráttar. Um íslenskan fjárhund gildir þó án undanþágu að rækta má undan C gráðun mjaðma á sama hátt og A og B gráðun.

3. Um öll hundakyn gildir að ekki skal rækta undan hundum með gallaða skapgerð, hundum sem fæðast hlogóma, með alvarlega kjálka- eða tanngalla, sem eru blindir, heyrnalausir, með skarð í vör eða albinóar, hundum með flogaveiki, eineistungum eða rökkum þar sem annað eða bæði eistu hafa ekki gengið niður.

4. HRFÍ stendur reglulega fyrir augnskoðunum dýralækna með sérþekkingu á augnsjúkdómum hunda, og skráir niðurstöður þeirra í ættbók. Þar sem augnskoðun ræktunardýra er krafa, gildir, nema annað sé tekið fram, að vottorð skal ekki vera eldra en 25 mánaða við þörun.

Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA), hvaða gerð sem er, er hann settur í ræktunarbann og fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Að sama skapi eru foreldrar, systkini og áður skráð afkvæmi hundsins sett í ræktunarbann, nema sýnt sé fram á með DNA prófi að hundarnir séu hreinir af öllum þeim PRA gerðum sem þekkt eru í kyninu. Þekktan PRA bera má einungis para við arfhreinan hund.

5. Þar sem reglurnar kveða á um að DNA prófa þurfi undaneldisdýr fyrir þörun, gildir eftirfarandi nema annað sé tekið fram um einstök hundakyn: Bera má einungis nota í ræktun á móti arfhreinum hundum. Sýktir hundar eru settir í ræktunarbann. Í þeim tilvikum þar sem báðir foreldrar eru með DNA niðurstöður fríir (Normal/Clear, N/C), telst afkvæmi arfhreint fyrir þeirri gerð (Normal/Clear by Parentage, N/C/P). DNA prófa þarf næstu kynslóð á eftir.

6. Óheimilt er að para saman tvo hunda með merle eða harlekin feldlit. Afkvæmi úr slíkri þörun eru ekki ættbókarfærð.

7. Þar sem krafist er hnéskeljavottorðs undaneldisdýra gildir, nema annað sé tekið fram að dýralæknir skal votta um heilbrigði hnéskelja fyrir þörun, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt.

8. Þar sem krafa er gerð um hjartavottorð, gildir, nema annað sé tekið fram, að vottorð skal stafa frá dýralækni sem hlotið hefur þjálfun í að greina hjartamurr hjá hjartasérfræðingi. Niðurstaða skal kunn fyrir þörun og skal notast við eyðublað frá HRFÍ við útgáfu vottorðsins.

9. Skottlengd skal skrá með eftirfarandi hætti í ættbók þar sem það á við: NBT-S (skottlaus, 0-3 liðir), NBT-M (stubbaskott, 4-7 liðir), NBT-L (a.m.k. 8 liðir en ekki full lengd), LT (skott í fullri lengd), DOC (skottstíður).

10. Um öll hundakyn gildir að ótegundartýpíska liti skal merkja með X í litaskráningu og eftir atvikum með ræktunarbanni, sbr. grein 2.7.

11. Reglur um einstök hundakyn, flokkuð eftir tegundarhópum:

TEGUNDAHÓPUR 1

AUSTRALIAN SHEPHERD

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmagráðun D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

BEARDED COLLIE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

BELGIAN SHEPHERD DOG

Skráning feldgerða: G (Groenendael), L (Laekenois), M (Malinois), T (Tervueren).

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

BERGER DE BEUCE

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð.

BORDER COLLIE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmagráðun D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

BRIARD

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmagráðun D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

COLLIE ROUGH

Undaneldisdýr skulu augnskoðuð eftir eins árs aldur og niðurstaða kunn fyrir fyrstu þörun.

Augnvottorð gildir ævilangt.

Undaneldisdýr skulu vera mjaðmamynduð.

Sable hvolpur úr þörun þar sem annað foreldri er blue merle er skráður með ræktunarbann. Ræktunarbanni má aflétta sýni niðurstaða DNA prófs að hvolpurinn beri ekki merle gen (sable merle).

COLLIE SMOOTH

Undaneldisdýr skulu augnskoðuð eftir eins árs aldur og niðurstaða kunn fyrir fyrstu þörun.

Augnvottorð gildir ævilangt.

Undaneldisdýr skulu vera mjaðmamynduð.

Sable hvolpur úr þörun þar sem annað foreldri er blue merle er skráður með ræktunarbann. Ræktunarbanni má aflétta sýni niðurstaða DNA prófs að hvolpurinn beri ekki merle gen (sable merle).

GERMAN SHEPHERD DOG

Skráning feldgerða: LC (long and harsh outer coat), DC (double coat). Para má saman feldgerðir. Skrá skal hvolp með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við ættbókarskráningu. Það feldafbrigði sem dómari telur hund vera á fyrstu sýningu eftir 9 mánaða aldur, er endanlegt, sjá sýningareglur.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

OLD ENGLISH SHEEPDOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmagráðun D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

SHETLAND SHEEPDOG

Undaneldisdýr skulu augnskoðuð eftir eins árs aldur og niðurstaða kunn fyrir fyrstu þörun.

Augnvottorð gildir ævilangt.

Sable hvolpur úr þörun þar sem annað foreldri er blue merle er skráður með ræktunarbann. Ræktunarbanni má aflétta sýni niðurstaða DNA prófs að hvolpurinn beri ekki merle gen (sable merle).

WELSH CORGI PEMBROKE

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.

WHITE SWISS SHEPHERD DOG

Skráning feldgerðar: M (medium length coat), L (long coat).

Undaneldisdýr skulu vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

TEGUNDAHÓPUR 2

BERNESE MOUNTAIN DOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

BOXER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

BULLMASTIFF

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

DANISH-SWEDISH FARMDOG

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

DOBERMANN

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmagráðun C, D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðmamyndatöku er 18 mánuðir.

DOGUE DE BORDEAUX

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

GERMAN PINSCHER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

GIANT SCHNAUZER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmagráðun D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

GREAT DANE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Forðast skyldi að para harlekin lit við annan en svartan og að para bláan lit við annan en bláan og svartan.

LEONBERGER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

MINIATURE PINSCHER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

MINIATURE SCHNAUZERE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. DNA prófa skal vegna PRA-B.

Lágmarksaldur við þörun er 20 mánuðir.

NEWFOUNDLAND

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

PYRENEAN MOUNTAIN DOG

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

ROTTWEILER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

ST. BERNARD

Skráning feldgerðar: S (short-haired), L (long-haired). Para má saman feldgerðir. Hvolpur skal skráður með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við skráningu í ættbók.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Lágmarksaldur í mjaðmamyndatöku er 18 mánuðir.

Ekki er ráðlagt að para saman hunda sem báðir hafa greinst með entropian/ectropian.

SCHNAUZER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

SHAR PEI

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.

TEGUNDAHÓPUR 3

BEDLINGTON TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.

DNA prófa skal undaneldisdýr vegna Copper Toxicosis og ræktunarbann er á hunda sem geinast með sjúkdóminn.

BULL TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeļjavottorð.

Para má við Miniature bull terrier, í þeim tilvikum þarf Bull terrier foreldri að vera DNA prófð vegna Primary Lens Luxation (PLL) líkt og miniature foreldrið. Afkvæmi úr slíkum gotum skal skrá sem Miniature bull terrier. Endanleg stærð er ákvörðuð á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur, sjá sýningareglur.

MINIATURE BULL TERRIER

Para má við Bull terrier, afkvæmi úr slíkum gotum skal skrá sem Miniature bull terrier. Endanleg stærð er ákvörðuð á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur, sjá sýningareglur.

DNA prófa þarf undaneldisdýr vegna Primary Lens Luxation (PLL) og ræktunarbann er á hunda sem geinast með sjúkdóminn.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeļjavottorð.

JACK RUSSELL TERRIER

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeļjavottorð.

GERMAN HUNTING TERRIER

DNA prófa þarf undaneldisdýr vegna Primary Lens Luxation (PLL) og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.

YORKSHIRE TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð.

Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánuðir.

TEGUNDAHÓPUR 4

DACHSHUND

Skráning stærðarflokka (brjóstummál): S (standard, rakkar: yfir 37 cm til 47 cm. Tíkur: yfir 35 cm til 45 cm). M (miniature, rakkar: yfir 32 cm til 37 cm. Tíkur: yfir 30 cm til 35 cm). R (rabbit, rakkar: yfir 27 cm til 32 cm. Tíkur: yfir 25 cm til 30 cm). Ræktandi skráir þá stærð sem hann telur hvolp vera við ættbókarskráningu. Endanleg stærð ákvarðast á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur, sjá sýningareglur.

Skráning feldgerða: S (smooth), W (wire), L (long). Hvolpur skal skráður með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við skráningu í ættbók. Endanleg feldgerð er ákvörðuð á fyrstu sýningu eftir 9 mánaða aldur, sjá sýningareglur.

Para má á milli afbrigða, þó aldrei tvo merle hunda og forðast skyldi þörun á wire og long feldgerð.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Lámarsaldur miniature og rabbit tíka við þörun er 20 mánaða .

TEGUNDAHÓPUR 5

ALASKA MALAMUTE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Ræktunarbann er á hunda sem greinast með arfgenga starblindu (hereditary cataract).

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

BASENJI

DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir Fanconi Syndrome og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn. Bera má einungis para með fríum hundum.

CHOW CHOW

Skráning feldgerðar: R (rough), S (smooth). Para má saman feldgerðir. Ræktandi skráir hvolp í ættbók með þá feldgerð sem hann telur hvolpa hafa.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð.

FINNISH LAPPONIAN DOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

GERMAN SPITZ/GIANT, MEDIUM, MINIATURE, TOY (POMERANIAN)

Skráning stærðarflokka: G (giant/grossspitz, 45cm +/- 5cm), MED (medium/mittelspitz, 35cm +/- 5cm), MIN (miniature/kleinspitz, 27cm +/- 3 cm), TOY (Pomeranian, 21 +/- 3cm).

Fyrir minature/kleinspitz og toy/Pomeranian gildir að undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur miniature/kleinspitz og toy/Pomeranian tíka við þörun er 20 mánuðir.

GERMAN SPITZ/KEESHOND

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð.

ÍSLENSKUR FJÁRHUNDUR

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir pörun. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 7 ára aldur, gildir ævilangt að því tilskyldu að undaneldishundur hafi tvisvar áður verið augnskoðaður án athugasemda eða augnsjúkdóma. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (hereditary cataract) mun hann verða skráður í ræktunarbann Undanskilið ræktunarbanni er anterior polar cataract en para verður við hunda sem standast augnskoðun án athugasemda eða augnsjúkdóma.

SAMOYED

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

SIBERIAN HUSKY

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Vottorð dagsett fyrir 3gja ára aldur hunds gildir í 18 mánuði, annars í 25 mánuði. Greinist hundur með starblindu (juvenile cataract) eða aðra arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

WEST SIBERIAN LAIKA

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

TEGUNDAHÓPUR 6

DALMATIAN

Undaneldisdýr skulu BAER heyrnamæld. Hvorugt má vera heyrnalaust. Ef annað foreldri er heyrnaskert, skal hitt vera með óskerta heyrn.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

RHODESIAN RIDGEBACK

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð.

TEGUNDAHÓPUR 7

BRITTANY SPANIEL

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

ENGLISH POINTER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

ENGLISH SETTER

DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir LO PRA – rcd4.

DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir Neuronal Ceroid-Lipofuscinosis (NCL) og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

GERMAN SHORT-HAIRED POINTING DOG

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

GERMAN WIRE-HAIRED POINTING DOG

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

GORDON SETTER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynđuð.

HUNGARIAN SHORT-HAIRED VIZSLA

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

IRISH RED SETTER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynđuð.

ITALIAN POINTING DOG

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynđuð.

PUDELPOINTER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

WEIMERANER

Skottlengd skal skráð.

Skráning feldgerðar: S (short-haired), L (long-haired). Para má saman feldgerðir. Hvolpur skal skráður með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við skráningu í ættbók.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

WIRE-HAIRED POINTING GRIFFON KORTHALS

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

TEGUNDAHÓPUR 8

AMERICAN COCKER SPANIEL

Undaneldisdýr skal hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) er hann skráður í ræktunarbann.

CHESAPEAKE BAY RETRIEVER

Undaneldisdýr skal hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynđuð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

CURLY-COATED RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynđuð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

ENGLISH COCKER SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. DNA prófa skal undaneldisdýr vegna prcd-PRA. DNA prófa skal undaneldisdýr vegna familial nephropathy (FN) og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.

ENGLISH SPRINGER SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna Cord1-PRA. DNA prófa skal undaneldisdýr vegna fucosidosis og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn. Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

FLAT-COATED RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

GOLDEN RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð fyrir GR_PRA1 og GR_PRA2. Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

LABRADOR RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA. Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

LAGOTTO ROMAGNOLO

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

NOVA SCOTIA DUCK TOLLING RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA. Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

TEGUNDAHÓPUR 9

BICHON FRISE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

BOSTON TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

CAVALIER KING CHARLES SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Ræktunarbann er á hundum sem greinast með starblindu (Juvenile cataract), meðfædda starblindu (Microphthalmia cataract), arfgenga starblindu (Hereditary Cataract), Retinal Dysplasia geographic/detached eða Multifocal Retinal Dysplasia. Undaneldisdýr skulu hafa gilt hjartavottorð, dagsett eftir 2½ árs aldur. Niðurstaða skal vera án hjartamurrs. Vottorð hunda yngri en 5 ára gildir í 6 mánuði en vottorð dagsett eftir 5 ára aldur gilda í 1 ár. Hunda sem hafa hreint hjartavottorð dagsett eftir 6 ára aldur, má nota áfram þó þeir greinist með

murr síðar. Vottorð dagsett eftir 7 ára aldur gildir ævilangt. Afkvæmi hunda sem greinast með murr fyrir 4ra ára aldur fara í ræktunarbann.

DNA prófa skal undaneldisdýr vegna Episodic Falling og Curly Coat og niðurstaða ljós fyrir þörun. Ræktunarbann er á hunda sem greinast með annan eða báða sjúkdómana.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur undaneldisdýra er 2½ ár.

CHIHUAHUA

Skráning feldgerðar: S (smooth), L (long). Para má saman feldgerðir. Skrá skal hvolp með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við ættbókarskráningu.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

CHINESE CRESTED

Feldgerð powder puff skal skrá í ættbók með PP.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Hundar sem greinst hafa með retinopathy (Pigmentary chorioretinopathy) fara í ræktunarbann.

Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

CONTINENTAL TOY SPANIEL (PAPILLON/PHALÉNE)

Skráning afbrigða í ættbóki: P (Papillon) ef eyru eru upprétt, PH (Phaléne) ef eyru falla fram. Para má saman papillon/phalene. Hvolpa skal skrá þannig: Papillon undan tveimur papillon foreldrum, phaléne undan tveimur phalene foreldrum. Hvolpar úr papillon/phaléne þörun skulu skráðir það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við ættbókarskráningu. Varðandi umskráningu á papillon/phalene , phalene/papillon, sjá sýningareglur .

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir PRA 1.

Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

COTON DE TULEAR

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

FRENCH BULLDOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

GRIFFON

Skráning feldgerðar: Griffon Belge og Griffon Bruxelloise: R (rough), Petit Brabançon: S (short).

Afbrigði Griffon má para saman og skulu hvolpar skráðir sem það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við ættbókarskráningu.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

HAVANESE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

JAPANSKUR CHIN

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

KING CHARLES SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Lámarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

LHASA APSO

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

Lámarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

LITTLE LION DOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

Lámarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

MALTESE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

PEKINGESE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

POODLE, STANDARD

Skráning stærðarflokks: S (standard).

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynðuð.

POODLE, MEDIUM/MINIATURE/TOY

Skráning stærðarflokka (hæð á herðakamb): MED (medium, yfir 35cm til 45 cm), MIN (miniature, yfir 28 cm til 35 cm), TOY (yfir 24 cm til 28 cm).

Auk þaranna innan stærða, má þara MED með MIN og MIN með TOY. Skrá skal hvolp sem það stærðarabrigði sem foreldrar/stærra foreldri tilheyrir. Endanleg stærð skal ákvörðuð eftir mælingu á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur, sjá sýningareglur .

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjaskoðun.

DNA prófa skal undaneldishunda vegna prcd-PRA.

Lámarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

PUG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeļjavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

RUSSIAN TOY

Skráning feldgerðar: S (smooth-haired), L (long-haired). Þara má saman feldgerðir. Hvolpur skal skráður með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við skráningu í ættbók.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

SHIH TZU

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

(Endurskoða skal kröfu um augnvottorð fyrir 1. janúar 2025 og án sérstakrar ákvörðunar stjórnar um framhald, fellur hún niður við það tímamark).

TIBETAN SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.
Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

TIBETAN TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna PRA (RCD4) og PRA3.
Einnig skal DNA prófa vegna PLL og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.
Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

TEGUNDAHÓPUR 10

SALUKI

Feldgerð: S (smooth), L (long).